



Ístak hf.
Bugðufliót 19
270 Mosfellsbær

Dagsetning 2.7.2026
Málsnúmer URN25040100

Undanþága veitt frá reglugerð um hávaða

Þann 22. júní sl. barst ráðuneytinu undanþágubeiðni frá Ístaki hf., fyrir hönd Ístak – Aarsleff Joint Venture, þar sem óskað er eftir framlengingu á gildistíma núverandi undanþágu vegna næturvinnu við Fossvogsbrú til og með 15. ágúst 2026.

Vísað er til þess að þann 11. maí sl. veitti ráðherra undanþágu frá 9. gr., sbr. viðauka IV við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða vegna framkvæmda við byggingu Fossvogsbrúar. Undanþágan var veitt þar sem ekki var unnt að standa að fyrirhuguðum framkvæmdum innan þess tíma sem reglugerð um hávaða mælir fyrir um án þess að skerða rekstartíma Reykjavíkurlflugvallar, og í ljósi umsagna heilbrigðisnefnda sem lágu fyrir í málinu. Undanþágan var bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Hún skal gilda fyrir framkvæmdir á samtals 28 dögum á tímabilinu frá og með dagsetningu undanþágunnar til og með 2. júlí 2026.
2. Leitast skal við að halda næturvinnu í lágmarki og tilkynna íbúum í nærliggjandi hverfum sérstaklega þegar fyrirséð er að vinna þurfi fleiri en eina nótt í röð.
3. Framkvæmdaaðili skal standa að hávaðamælingum á framkvæmdatíma og er skylt að miðla þeim mælingum til viðkomandi stjórnvalda.
4. Framkvæmdaaðili skal hafa ítarlegar upplýsingar um framkvæmdina og áhrif hennar, þ.m.t. hávaða og ónæði, á vefsíðu þar sem almenningur geti nálgast upplýsingarnar. Veita skal upplýsingar um framgang verksins, niðurstöður hávaðamælinga, tímalengd framkvæmdar, hvaða þættir framkvæmda séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum.
5. Á vefsíðunni skal vera einföld og aðgengileg leið fyrir íbúa til að koma á framfæri kvörtunum og ábendingum vegna framkvæmdarinnar.
6. Framkvæmdaaðili skal halda skrá yfir kvartanir og ábendingar sem honum berast sem og viðbrögð hans við því og er skylt að miðla þeirri skrá til viðkomandi stjórnvalda.

Jafnframt er undanþága þessi bundin fyrirvara um endurskoðun ef í ljós kemur, á grundvelli eftirlits, mælinga, kvartana eða annarra upplýsinga sem eftirlitsaðili metur fullnægjandi, að framkvæmdir falli undir eða hafi áhrif sem svara til sérstaklega hávaðasamra framkvæmda í skilningi 3. gr. reglugerðar um hávaða. Við matið skal einnig horfa til viðmiðs fyrir heilsuspillandi hávaða í 7. gr. reglugerðarinnar. Við slíka endurskoðun er heimilt að setja undanþágunni frekari skilyrði, takmarka gildistíma hennar eða afturkalla hana, eftir því sem tilfni er til.

Rökstuðningur undanþágubeiðni

Fram kemur í erindinu frá 22. júní sl. að umsækjandi telji forsendur undanþágunnar enn vera til staðar, einkum vegna takmarkana sem tengjast hindrunarflötum Reykjavíkurlflugvallar og nauðsynlegra verkþátta sem ekki er unnt að framkvæma á dagvinnutíma. Þá hafi undanþágan ekki verið fullnýtt samkvæmt upphaflegri áætlun, þar

sem framvinda hefur orðið hægari en gert var ráð fyrir. Einnig er vísað til þess að hljóðmælingar sem framkvæmdar hafa verið á Kársnesi sýna almennt lágt meðalhljóðstig að næturlagi eða innan 40 dBA, og að Ístaki hafi ekki borist kvörtun frá íbúum vegna næturvinnu eða hávaða frá framkvæmdunum.

Umsögn heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Ráðuneytið óskaði eftir umsögnum heilbrigðisnefnda Reykjavíkur og Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, þar sem áhrifasvæði framkvæmdarinnar nær til beggja heilbrigðiseftirlitssvæða. Umsögn barst ráðuneytinu þann 1. júlí 2026 frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þar sem fram kom að engar kvartanir hefðu borist eftirlitinu og að veitt væri jákvæð umsögn á sama tíma og minnt var á mikilvægi þess að hljóðmælingum verði áfram sinnt og öðrum mótvægisaðgerðum sem framkvæmdaaðili tiltekur. Sama dag barst einnig umsögn frá heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, þar sem fram kom að ein kvörtun hefði borist eftirlitinu en að veitt væri jákvæð umsögn ásamt því að minnt var á mikilvægi hljóðmælinga og mótvægisaðgerða.

Niðurstaða

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir getur ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfis- og orkustofnunar, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr. laganna.

Með vísan til þess sem liggur fyrir í málinu, þ.e. að ekki sé unnt að standa að fyrirhuguðum framkvæmdum innan þess tíma sem reglugerð um hávaða mælir fyrir um án þess að skerða rekstartíma Reykjavíkurlugvallar, og í ljósi jákvæðra umsagna heilbrigðisnefnda, fellst ráðherra á að veita Ístaki hf. umbeðna undanþágu frá 9. gr., sbr. IV viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Undanþágan gildir til og með 15. ágúst nk. en er að öðru leyti bundin sömu skilyrðum og fyrirvara og fyrri undanþága frá 11. maí sl.

Fyrir hönd ráðherra,

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

Kjartan Ingvarsson